

Heilbrigði og velferð dýra

Veraldarfengurinn viðurkenndur af ESB

Veraldarfengur, www.worldfengur.com (WF) er alþjóðlegur gagnagrunnur og upprunaættbók íslenska hestsins, þróaður af Bændasamtökum Íslands og og rekinn af þeim ásamt Alþjóðasamtökum íslenska hestsins. Þar er haldið utan um öll skráð íslensk hross, ætternisupplýsingar, einkenni, merkingar, eigendasögu, niðurstöður kynbótadóma og keppnisárangur. Þó svo að hrossaræktin miði fyrst og fremst að ræktun reiðhesta er hún einnig matvælaframleiðsla og er hrossakjöt mikilvæg útflutningsafurð.

Matvælastofnun hefur eftirlit með matvælaöryggi og rekjanleika afurða og er m.a. ætlað að tryggja að ekki séu lyfjaleifar í íslensku kjöti. Til að gera það eftirlit skilvirkara er nú verið að koma á rafrænni skráningu á lyfjanotkun fyrir hross og er sú skráning byggð inn í gagnagrunninn WF. Er það forsenda þess að útflutningur hrossakjöts verði áfram mögulegur til Evrópusambandsins (sjá grein á www.mast.is).

Í Evrópusambandinu er þess krafist að hverjum hesti fylgi hestapassi, gefinn út af ræktunarsambandi viðkomandi hestakyns í því landi sem hesturinn er fæddur. Auk upplýsinga um hestinn er gert ráð fyrir skráningu á bólusetningum, tilteknum lyfjameðhöndlunum og smitsjúkdómum sem hesturinn kann að fá á lífsleiðinni. Einnig gefur hestapassinn færi á að eigandinn ákveði í eitt skipti fyrir öll að hestinum verði ekki slátrað til manneldis. Hestapassinn fylgir hrossinu við eigendaskipti, flutninga og að lokum í sláturhús og gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja að ekki séu lyfjaleifar í hrossakjöti.

Evrópureglugerðin um hestapassa hefur ekki verið innleidd hér á landi enda vart talið framkvæmanlegt að gefa út hestapassa fyrir öll hross hér á landi. Því óskuðu Matvælastofnun og Bændasamtök Íslands eftir því við Evrópusambandið að gagnagrunnurinn WF, með lyfjaskráningum, yrði viðurkenndur sem rafrænn hestapassi.

Nú hefur þessi viðurkenning fengið og mun sú niðurstaða án efa styrkja hrossaræktina sem útflutningsgrein bæði bæði hvað varðar lífhross og aðrar afurðir. Engin forðæmi eru fyrir rafrænum hestapassa innan ESB og því má segja að WF ryðji brautina og hafi reynst hrossaræktendum öflugt tromp á hendi.

Dr. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun.